

Fundur Öldungaráðs 2.október kl. 14.30

Mættir:

Gylfi Ingvarsson, Valgerður Sigurðardóttir form, Þórdís B. Kristinsdóttir, Guðlaug Steinsdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir og Þórarinn Þórhallsson.

(5.fundur 2019)

Dagskrá:

1. Umsögn um starfsleyfi Sinnum ehf.

Öldungaráð gefur jákvæða umsögn um starfsleyfi til Sinnum.

2. Umræða um fjárhagsáætlun fyrir árið 2020. Fundur í fjölskylduráði 3. október um fjárhagsáætlun en þangað er boðið til umræðu tveim fulltrúum úr Öldungaráði. Ráðið leggur áherslu á eftirfarandi vegna þeirrar stöðu sem upp er komin í málefnum eldri borgara í Hafnarfirði.
 - a. Stefnumótun í málefnum eldri borgara.
 - b. Fækkun félagsmiðstöðva? Akstursþjónusta?
 - c. Fækkun stöðugilda í félags- og tómstundastarfi?
 - d. Ráðning tómstundafulltrúa?
 - e. Tengiliður á milli félags eldri borgar og Hafnarfjarðarbæjar?
 - f. Uppfylla þjónustubörf eldri borgara í heimahúsum með því að auka kvöld- og helgarþjónustu.
 - g. Upplýsingafulltrúi eldri borgara í þjónustuveri.

3. Brúkum bekki.

Í dag kl. 11 var verðlaunabekkurinn Vörður tekinn formlega í notkun og afhentur Hafnarfjarðarbæ. Vörður stendur á Langeyrarmölum og á vonandi eftir að koma mörgum að góðu gagni. Öldungaráð Hafnarfjarðar vill þakka öllum þeim sem að málum hafa komið, þó sérstaklega Gylfa Ingvarssyni fyrir hans dugnað og baráttu við að koma verkefninu í Höfn.

4. Önnur mál.

Umræða um félags- og tómstundastarf eldri borgara í Hafnarfirði.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt af fundarmönnum.
Fleira ekki gert og fundi slitið 16.07.